

Skólaráðsfundur 12.júní 2014.

María skólastjóri byrjaði á því að kynna efni fundarins sem voru starfsmannasamtöl, starfsmannakönnun og ástandið í húsvarðarmálum.

Mjög góð þátttaka var í starfsmannakönnunni og kemur þar fram að „allt sé á uppleið“ hjá okkur. Og koma það á óvart því ýmsir erfiðleikar hafa mætt okkur við vinnuna við innleiðingu nýrrar námskrár.

Það kom einnig fram að starfsaldur er hár hjá okkur en þó höfum við yngst. Langt er síðan nýútskrifaður kennari hefur verið ráðinn en nú hefur verið ráðinn einn slíkur, með mastersgráðu, og er það íþróttakennari. Einnig voru tveir ungir kennarar sem kenndu 1.bekkjum í vetur.

Fram kom að við stöndum okkur vel í að mæta á réttum tíma og þekkjast vart seinkomur hjá okkur.

Fram kom einnig að starfsfólk upplifir ekki að starfsmannasamtölin skili neinu. En skólastjórnendur segja þau mjög mikilvæg og að þau nýtist þeim vel við ákvarðanatökur.

Vaxandi ánægja er meðal kennara gagnvart stjórnun og starfsánægju. En mikil starfsmannavelta er hjá skólaliðum. „Vinnustundin“ virðist hafa þar mikil áhrif.

Fram kom að misræmi er milli þess vinnutíma sem skólastjórnendur sömdu við skólaliða og þess vinnutíma sem Vinnustundin krefst. Einnig eru launin lág og hefur það ekki góð áhrif.

Upplýsingaflæði í skólanum er gott samkvæmt könnuninni en starfsaðstæður mættu vera betri. Meiri ánægja er meðal kennara með starf sitt, þó sérstaklega kennara á miðstigi.

Umræða varð um heimanám þar sem fram kemur í könnuninni að tími til þess hefur minnkað. Einnig kom fram að við verðum að gæta þess að heimanám sé fjölbreytt og endurspegli það nám sem fram fer í skólanum; að það dreifist jafnt á íslensku, stærðfræði, skrift o.s.frv.

Einnig kom fram að einstaklingsvinna nemenda hefur minnkað.

Kennarar yngsta - og miðstigs upplifa meiri faglegan stuðning frá stjórnendum en kennarar unglíngastigs.

Einnig kom fram að aðstaða og aðbúnaður kennara er undir meðallagi.

Kennarar hér hafa meiri væntingar um símenntun en aðrir.

Fram kom að ætlunin er að innleiða Olweusar-áætlunina til fulls næsta vetur.

Sif kynnti nokkrar niðurstöður starfsmannasamtala.

Almennt finnst fólki því ganga vel í starfi. Ætlunin er að efla símenntun meðal annars starfsfólks en faglærðra.

Fram kom að meðal ófaglærðra hefur örlað á óánægju með samskipti en annars gengur yfirleitt vel og allir hjálpast að. Skólaliðar töldu brýnt að þeir fengju upplýsingar um nemendur sem þyrftu meiri umönnun en aðrir eða ættu við erfileika að etja. Þetta þarf að bæta.

Annars eru samskipti við nemendur góð en strákarnir margir hverjir hafa reynst erfiðir.

Starfsandi er góður og þægilegur en hefur þó verið betri. Þetta þarf að kanna vel. Vinnustundin hefur ekki farið vel í fólk, jafnvel skapað spennu og óánægju. Fólk er upptekið af því að standa vörð um réttindi sín en vill oft gleyma skyldum sínum. Trúnaðarmenn starfsfólks fengu fyrirmæli frá stéttarfélagi þeirra að minna fólk á þetta.

Mikil forföll/leyfi hafa skapað spennu og álag því erfitt er að dekka forföll. Ætlunin er að taka á þessum vanda, sem leyfi hafa skapað á starfstíma skóla. Einnig var tekið fram að þessi forföll skila sér á neikvæðan hátt inn í kennslustofur.

Rætt var um íþróttahúsið og ástandið í starfsmannahaldi þar. Þar vantar karlkyns sturtuvörð. ÍBH notar húsið á móti skólanum og ætti því að hafa eigin starfsmann eftir að skóla líkur, en skólinn ætti að hafa starfsfólk þar í dagvinnu. En starfsfólkið er á fljótandi vöktum og því ber skólinn þungann af kostnaðinum við starfsmannahaldið.

Fram kom í starfsmannaviðtölum að kennarar eru almennt ánægðir með starf sitt, samstarf við aðra og hafa áhuga á að bæta sig í starfi. Þeir vilja þó meiri tíma til samstarfs. Líðan nemenda og öryggi eru forgangsatríði og að á þá sé hlustað.

Fram kom að nýtt vandamál og áður óþekkt hefur dúkkað upp hjá okkur, en það er illt umtal og illgirni sem nemendur koma með í skólann heiman frá sér og þá frá aðstandendum. Þetta hefur skapað illindi og álag sem við höfum þurft að vinna með.

Fram kom að athugandi væri að fá fyrirlesara fyrir okkur og foreldra til upplýsingar. En þetta er klárlega vandi sem verður að taka á.

Fram kom einnig að áhugi er á meðal foreldra að taka á neikvæðri umræðu gagnvart skólakerfinu í samfélaginu og gera foreldra ábyrgari með aukinni þátttöku í samskiptum heimila og skóla.

Rætt var um Pisa og að hún væri ekki jafn heilög kýr og margir vilja vera láta.

Fram kom einnig í starfsmannaviðtölum að kennarar vilja festu, öryggi og sveigjanlega kennsluhætti.

Einnig kom fram að störf fagstjóra þarf að kynna betur.

Umræðan barst að aðbúnaði kennara og ætlar Kristín að beita sér fyrir því að skikkan komist á matar- og mátráðsmál okkar. Töldum við víst að óánægja starfsmanna með aðbúnað væri tengdur aðstæðum okkar í matarmálum.

Fram kom að skjávarpar væru komnir í flestar stofur en þrif væru ekki í lagi.

María fór yfir starfsmannamál og sagði frá hverjir væru að hætta, hefðu sagt stöðum sínum lausum, færu í námsleyfi eða færðu sig um set eða hefðu fengið ótímabundna ráðningu. Töluverð hreyfing er á starfsfólki. Nýtt starfsfólk kemur Berg, þrír þroskaþjálfar ásamt nýrri forstöðukonu, Hrönn Garðarsdóttur.

María talaði einnig um stöðuna í húsvarðarmálum. Ótækt er að hafa engan húsvörð en Gunnar húsvörður hefur verið í veikindaleyfi um skeið.

Skólahúsnæðið hefur látið mikið á sjá og margt þarf að bæta. Ræstingum hefur verið ábótavant og margt sem bíður.

Kristín minntist á ball sem haldið verður í Kaplakrika í kvöld í óþökk forvarnarfulltrúa og hefur verið auglýst á netinu. Einkum er höfðað til nemenda í 8.-10.bekkjum og hefur hún miklar áhyggjur af að þetta fari úr böndunum með tilheyrandi drykkju og vímuefnaneyslu, sem hún sagði að væri að aukast mjög.

Bað hún Sif um að fá að senda bréf til foreldra allra nemenda þar sem varað væri við þessu.

Þessum síðasta skólaráðsfundi var síðan slitið um kl. 10.

Með kveðju, Hildur Guðmundsdóttir.